

**Nd.**

**634. Breytingartillögur**

**[147. mál]**

við frv. til laga um kirkjugarða.

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Við 4. gr. 1. málsg. greinarinnar orðist svo:

Skipulagsnefnd kirkjugarða hefur yfirumsjón með kirkjugörðum landsins, svo sem nánar er ákveðið í lögum þessum. Í henni eiga sæti biskup Íslands, húsameistari ríkisins, þjóðminjavörður og tveir menn kosnir af kirkjuþingi til 6 ára í senn.

2. Við 28. gr. Greinin orðist svo:

Heimilt er ráðherra að veita leyfi til að taka upp heimagrafreiti. Nú óskar einhver að taka upp heimagrafreit á jörð sinni fyrir sig og vandamenn sína, og sendir hann þá beiðni um það til biskups. Beiðninni skal fylgja uppdráttur af reitnum með fyrirhugaðri girðingu ásamt vottorði hreppstjóra eða tveggja skilríkra manna um það, að staður sé vel valinn. Biskup leggur síðan beiðnina með fylgiskjölum fyrir ráðuneytið, ásamt tillögum sínum.

Heimilt er biskupi að banna greftrun í heimagrafreit, sé viðhaldi hans og hirðingu ábótavant að dómi sóknarnefndar eða umsjónarmanns kirkjugarða. Sé ekki bætt úr að liðnum hæfilegum fresti, er biskupi heimilt að láta leggja grafreitinn niður.

Leyfishafar heimagrafreits greiði sem aðrir til sóknarkirkjugarðs síns, enda er þeim heimilt leg í honum.